



# Ársskýrsla leikskólans Uglukletts

## 2021-2022



**BORGARBYGGÐ**

## Efnisyfirlit

1.	Hagnýtar upplýsingar	5
2.	Mannauður	5
2.1	Börn	5
2.2	Starfsfólk	6
2.2.1	Leikskólakennaranám	7
2.2.2	Starfsfólk í gegnum vinnumálastofnun	7
2.2.3	Vinnuskóla starfsmenn	7
3.	Stjórnun	8
3.1	Skipurit Uglukletts	8
3.2	Skipulagsdagar og starfsmannafundir	8
3.4	Deildarfundir	9
3.7	Öryggismál	10
3.8	Húsnæði og viðhald	11
4.	Uppeldis- og menntastarf	12
4.1	Starfsáætlun	12
4.2	Daglegt starf	12
4.2.1	Fljótandi dagskipulag	13
4.2.2	Námskrár:	13
4.2.7	Heilsueflandi leikskóli	14
4.2.8	Vinátta	14
4.2.9	Lubbi finnur málbein	15
4.2.10	Söngstundir	15
4.3	Endurmat deilda	15
4.3.1	Endurmat deildarstjóra á grábrók:	15
4.3.2	Endurmat deildarstjóra á Eldborg	20
4.3.3	Endurmat deildarstjóra á Baulu	23
4.3.4	Endurmat deildarstjóra á Skessuhorni	26
4.3.5	Skýrsla sérkennslustjóra	28
4.3.6	Endurmat leiðsagnarkennara	30
5.	Leikskólabragur	30
5.1	Sérstakir dagar	30
5.1.1	Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember	30
5.1.2	Jólaleikrit	31
5.1.3	Jólakaffihúsa-vika 14. – 17. desember	31
5.1.4	Jólaball 8. desember	31
5.1.5	Föstudagurinn dimmi	31
5.1.6	14. janúar	31
5.1.7	Strákakaffi	31

5.1 8. Stelpukaffi	31
5.1 9 Litavikur	31
5.1.10 Sumarstarfið	32
5.1.11 Heimsóknir	32
5.2 Foreldrasamstarf	32
5.2.1 Foreldrafundur	32
5.2.2 Fundur með foreldrum nýrra barna	32
5.2.3 Foreldraráð	32
5.2.4. Foreldrafélag	33
6. Mat á skólastarfi	34
6.1 Innra mat í Uglukletti	34
6.1.1. Starfsmannasamtöl	34
6.1.2. Starfsmannapúlsinn	34
7 Lokaorð	38

## Formáli

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 2021 – 2022. Skýrslan er send til sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar og fræðslunefndar. Hún er vistuð á vefsíðu skólans <https://ugluklettur.leikskolinn.is/>

Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Leikskólanum Uglukletti, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs, ásamt því að nýtast sem gagn í þeirri þróun sem leikskólasamfélagið í Uglukletti vill standa fyrir.

Að gerð skýrslunnar koma: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.

Skýrslunni er skipt upp í fimm megin kafla sem heita uppeldi og menntun, mannauður, stjórnun, leikskólabragur og mat. Þetta er sama kaflaskipting og Menntamálastofnun notar í ytra matinu og ætlum við að nýta okkur þá til þess að setja upp innra matið hjá okkur.

Er þetta gert með það að markmiði að mynda heildarmynd á þeim þáttum sem við metum í skólastarfinu og hvernig við flokkum hvern matsþátt fyrir sig.

Uppeldis og menntastarf	Mannauður	Stjórnun	Leikskólabragur	Innra mat
-------------------------	-----------	----------	-----------------	-----------



## 1. Hagnýtar upplýsingar

Heimilisfang: Leikskólinn Ugluklettur Uglukletti 1, 310 Borgarnesi

Símanúmer skólans: 433-7150

Skólastjóri: Kristín Gísladóttir kristing@borgarbyggd.is

Aðstoðarskólastjóri: Elín Friðriksdóttir elinf@borgarbyggd.is

Heimasíða: [www.ugluklettur.leikskolinn.is](http://www.ugluklettur.leikskolinn.is)

Leikskólinn Ugluklettur er fjögurra deilda leikskóli sem hóf starfsemi sína 14. ágúst 2007.

Í leikskólanum eru 78 börn. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:45 til 16:30.

Sveitarfélagið Borgarbyggð er rekstraraðili leikskólans en málefni hans falla undir fræðslunefnd Borgarbyggðar

### Mannauður

## 2. Mannauður

### 2.1 Börn

Þann 1. febrúar 2021 dvöldu 78 börn í leikskólanum.

<b>Dvalarstundir</b>	<b>Fjöldi barna</b>
6 klukkustundir	2
7 klukkustundir	6
8 klukkustundir	43
8,75 klukkustundir	27
Lengur en 9 klukkustundir	0
<b>Samtals börn</b>	<b>78</b>

*Dvalarstundir í kl.stundum hjá börnum 1. feb 2021*

<b>Þjóðerni</b>	<b>Fjöldi barna</b>
Íslenska	62
Pólska	4
Þýska	3
Franska	1
Spænska	2
Tékkneska	2
Tælenska	1
Enska	1
Lithuanian	2
Samtals börn	78

*Tungumál barna 1. feb 2021*

<b>Kyn</b>	<b>Fjöldi barna</b>
Drengur	35
Stúlka	43
Samtals börn	78

*Kynjaskipting barna 1. feb 2021*

## 2.2 Starfsfólk

1. febrúar 2022 störfuðu 27 starfsmenn við leikskólann með mismunandi menntun og í mismunandi starfshlutfall.

Grunnskóla- próf	Stúdents- próf	B.Ed. gráða	Viðbótar diplóma við B.Ed. gráðu	Meistara- próf
7	7	7	2	4

*Tafla 1 Menntun starfsmanna 1. feb 2021*

<b>Starfshlutfall %</b>	60	78	80	85	94	100	<b>Samtals</b>
<b>Fjöldi starfsmanna</b>	2	1	3	1	1	19	27

*Starfshlutfall starfsmanna feb. 2021*

Nokkrar breytingar voru á starfsmannahaldi á skólaárinu. Á árinu létu þrír starfsmenn af störfum vegna aldurs, þær Anna Jónsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Guðrún Birna Haraldsdóttir, sem var ræstitæknir. Þær höfðu allar starfað í leikskólanum frá opnun leikskólans.

Aðrar breytingar á árinu:

<b>Starfsmenn</b>				
<b>Hættu á árinu</b>	<b>Byrjuðu á árinu</b>			<b>Sumarstarfsmenn</b>
Anna Jónsdóttir	Ágústa Hrönn Óskarsdóttir	10.08.2021	Katrín Rós Eðvaldsdóttir	16.05.2022
Guðrún Jónsdóttir	Ása Katrín Jónsdóttir	13.09.2021	Sigurdís Katla Jónsdóttir	19.05.2022
Guðrún Birna Haraldsdóttir	Díana Brá Bragadóttir	21.01.2022		
Malgorzata Moszko	Davíð Freyr Bjarnason	25.01.2022		
Karina Aleksandra Podlowska	Unnur Sigurðardóttir	27.02.2022		
Sunna Helgadóttir	Viktor Ingi Jakobsson	21.02.2022		

<b>Fóru í leyfi</b>	
Sylvía Ósk Rodríguez	ársleyfi
Svana Hrönn Jóhannsdóttir	fæðingarorlof

### 2.2.1 Leikskólakennaranám

Í vetur var einn starfsmaður í leikskólaliðanum, einn í grunnnámi, þrír í meistaranámi til kennsluréttinda, einn í viðbótardiploma og einn í öðru háskólanámi.

### 2.2.2 Starfsfólk í gegnum vinnumálastofnun

Tveir starfsmenn eru í gegnum vinnumálastofnun í samtals 40% stöðu í Uglukletti.

### 2.2.3 Vinnuskóla starfsmenn


Sumarið 2021 voru engir vinnuskóla starfsmenn í Uglukletti. Var það vilji starfsmanna eftir mat á síðustu árum þar sem mikil „starfsmannavelta“ af vinnuskóla starfsmönnum

renna í gegnum leikskólann á sumarmánuðum og hefur það stundum valdið truflun á því starfi sem er í Uglukletti.

## Stjórnun

### 3. Stjórnun

#### 3.1 Skipurit Uglukletts



#### 3.2 Skipulagsdagar og starfsmannafundir

Starfsdagar á skólaárinu voru sex og starfsmannafundir 4. Á þeim gefst starfsfólki tækifæri til þess að ígrunda starfið og dýpka sína fagþekkingu.

September		
09.09.2021	Starfsmanna-fundur	Fundur allra starfsmanna og deildafundir
17.09.2021	Skipulagsdagur	Fundur allra starfsmanna, farið yfir efnivið og deildafundir
Nóvember		
01.11.2021	Skipulagsdagur	4 klst skyndihjálparnámskeið, fundur allra starfsmanna og deildafundir
27.11.2021	Starfsmanna-fundur	Mannauðsstjóri kynnir sig og sitt starf, deildastjórar kynna námskeið um réttinda skóla Unicef, deildafundir.
Janúar		



03.01.2022	Skipulagsdagur	Skipulag vorannar og deildafundir
<b>Febrúar</b>		
23.02.2022	Skipulagsdagur	Vinna að skólafundum Borgarbyggðar, fyrirlestur um einhverfu, fundur allra starfsmanna og deildafundir.
<b>Mars</b>		
03.03.2022	Starfsmanna- fundur	Deildafundir
30.03.2022	Starfsmanna- fundur	Kynning á mannauðssviðinu, deildafundir, Menntafléttan kynnt, fyrirlestur um Flæði og okkar stefnu.
<b>Maí</b>		
12.05.2022	Starfsmanna- fundur	Deildafundir, innra mat skóla, þróunarverkefni næsta vetrar kynnt
27.05.2022	Skipulagsdagur	Endurmat vetrarins

### 3.4 Deildarfundir

Markmið og tilgangur deildarfunda er að starfsmenn deilda fái tækifæri til þess að stilla saman strengi, útfæra skipulag deildarinnar og starfsins og ræða mál barnanna, sem hópur. Á deildarfundum eru boðaðir allir þeir sem vinna á viðkomandi deild. Deildarstjóri sér um fundarstjórn og ritar fundargerð. Deildarfundum var gefið pláss á starfsmannafundum, starfsdögum eða inn í miðjum degi þegar aðstæður í húsi leyfði. Nokkuð vel gekk að halda deildarfundunum á dagskrá og eru allir sammála um mikilvægi þeirra fyrir skólafundið.

### 3.5 Deildastjórafundir

Markmið og tilgangur fundanna er að vera stuðningur við faglegt starf og jafnframt vettvangur til að ígrunda starfið. Á þeim er farið yfir ýmsa þætti starfsins, þeir greindir og endurmetnir og starfið skipulagt. Á fundunum er vettvangur til þess að koma með nýjar hugmyndir/útfærslur og fá speglun á því starf sem fram fer. Stöðug framþróun, lausnarleit, jafningjafraðsla og gott upplýsingaflæði. Fundirnir höfðu fastan tíma

Skrifaðar eru fundargerðir sem eru aðgengilegar til lestrar fyrir alla starfsmenn.

Á deildastjórafundum eru deildastjórar, sérkennslustóri, aðstoðarskólafundir og leikskólafundir. Deildastjórafundir voru haldnir annan hvern föstudag. Nokkuð vel gekk að halda deildarstjóra fundunum á dagskrá þó auðvitað hafa fallið niður einhverjir fundir. Fyrirkomulagið á fundarboði er að hópurinn notar TEAMS þar sem leikskólafundir boðar til fundar og setur inn dagskrá á þar til gert skjal og þar geta aðrir fundar meðlimir séð hvað er á dagskrá og bætt inn sjálfir eftir þörfum.

### 3.6 Lausnar-teymisfundir

Tilgangur teymisins er að skoða og samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð í leikskólanum. Lausnar-teymisfundir eru haldnir annan hvern föstudag. Þá hittast leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri og fara yfir mál einstaka barna og önnur tilfallandi mál, sem geta komið upp. Nokkuð vel gekk að halda fundinum á dagskrá og eru fundarmeðlimir sammála um gagnsemi fundanna, á þeim fá skólastjórar innsýn í mál einstakra barna og stöðu mála.

### 3.7 Öryggismál

Í leikskólanum er til ferli vegna slysa og slysaskráningar. Starfsfólk fær með reglubundnu millibili námskeið í Skyndihjálpi (2 ára fresti) þar sem kennd eru viðbrögð við algengustu slysum. Rýmingaráætlun er til, t.d. vegna bruna en brunaæfing fer fram einu sinni á ári og er hún gerð að vori. Skólalóðin er yfirfarin daglega þar sem rýnt er í hættur sem kunna að leynast á lóðinni. Á árinu komu fram nokkrar athugasemdir varðandi slyshættu á lóðinni og var gengið í þau mál strax. Ber þar að nefna lausar skráfur, stilling á rólum og festingar á staurum í girðingunni kringum skólann. Eins hefur ítrekað þurft að minna foreldra á að loka hliðinu út á bílastæði.

22. febrúar 2022 varð ofsaveður á landinu og staðan í Uglukletti kl.12.00 var þannig að ekki var hægt að opna hurðar á leikskólanum og bílar á bílplani færðust til á planinu. Brugðið var á það ráð að senda eftirfarandi tilkynningu á foreldra:

*“Kæru foreldrar. Núna er veðrið vægast sagt brjáláð í kringum ugluklett og viljum við því biðja ykkur að koma EKKI að ná í börnin ykkar þessa stundina. Börnin ykkar eru örugg í húsinu og við látum vita hvenær þið getið komið og sækja þau. Þetta eru mjög óvenjulegar aðstæður en við verðum að grípa til þessara neyðarráðstöfunar.”*

Var þetta gert í samráði við fræðslustjóra og björgunarsveitamenn sem voru út á vettvangi og sáu hvernig staðan var. Björgunarsveitin kom svo í Ugluklett og var foreldrum til aðstoðar milli 15:30 - 16.30 að komast inn í skólann og halda á börnunum út í bílana. Þá var veðrið aðeins farið að laggja. Enginn hlaut skaða af.



### 3.8 Húsnæði og viðhald

Þau tímamót urðu á árinu að Guðrún Birna Haraldsdóttir sem hefur séð um ræstingar í Uglukletti frá opnun skólans lét af störfum vegna aldurs. Brugðið var á það ráð að prófa að fá verktaka í ræstingar. Dagar ehf byrjuðu að ræsta leikskólann um miðjan mars og hefur það (fram til þessa) gefist mjög vel.



Í sumarfríinu (sumar 2022) voru settir upp starfsmannskápar í fataklefanum þar sem “glerveggurinn” var. Almenn ánægða er með skápana og með uppsetningu þeirra var hægt að losa salerni í fataklefanum sem hafði verið fullt af kuldagöllum starfsmanna. Hurð á vörumóttöku var nokkru sinnum lagfærð og reynt að tjasla henni saman en leki inn um hana var tíður í vestanáttum. Leikskólinn var ekki bónaður þetta árið.

### 3.9 Nefndir og ráð:

Áfallateymi:

- Kristín Gísladóttir
- Elín Friðriksdóttir
- Ágústa Hrönn Óskarsdóttir

Öryggisteymi:

- Kristín Gísladóttir
- Brynja Þorsteinsdóttir

Heilsueflandi teymi:

- Elín Friðriksdóttir
- Brynja Þorsteinsdóttir

- Karina Nielsen
- Inga Hólmsfríður Gunnarsdóttir

Ábyrgðarmaður um stefnu í næringarmálum

- Elín Friðriksdóttir

## Uppeldis og menntastarf

### 4. Uppeldis- og menntastarf

#### 4.1 Starfsáætlun

Í starfsáætlun voru helstu áhersluatriðin: Innleiðing á Réttindaskólum, vellíðan og sköpun. Réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla, auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna og fullorðinna. Verkefnið fór rólega af stað. Deildarstjórnarnir fóru allir á námskeið og endurfluttu svo þá þekkingu á starfsmannafundi í Uglukletti. Byrjað var á því að vinna með æfingar sem eru í bókinni sem fylgir verkefninu. Greinarnar sem á að taka fyrir voru settar inn í námskrárnar og svo var það hvers kennara að útfæra það. Ákveðið var að setja meiri kraft í verkefnið á næsta ári.

Sköpun og vellíðan var sérstakur áhersluþáttur í Uglukletti í vetur. Voru þessir áhersluþættir valdir sérstaklega vegna þess álags sem hefur verið á skólastarfi í covid. Var þetta gert með það að meginmarkmiði að njóta þess að skapa og að leggja áherslu á að starfsfólki og börnum líði vel í leikskólanum. Þetta tókst mjög vel.

#### 4.2 Daglegt starf

Hægt er að nálgast upplýsingar um alla grunnþætti skólastarfsins í Skólanámskrá

Uglukletts. Hér fyrir neðan verður greint frá nokkrum þáttum.

#### 4.2.1 Fljótandi dagskipulag

Á Uglukletti er fljótandi dagskipulag sem þýðir að ekki eru niður negldar stundatöflur þó svo nokkrir fastir punktar séu í starfinu. Hluti af dagskipulaginu er stöðvarvinna þar sem kennarar vinna á ákveðnum stöðvum og börnin geta valið sér þau verkefni sem vekur áhuga hjá þeim. Stöðvavinnan tekur mið af grunnþáttum aðalnámskrár.

#### 4.2.2 Námskrár:

Í Uglukletti er vetrinum skipt upp í fjögur tveggja mánaða tímabil sem öll einkennast af einu þema og einu gildi sem unnið er með sérstaklega yfir þann tíma. Sett hafa verið niður nokkur atriði sem starfsmenn hafa sammælt um að mikilvægt sé að börn hafi náð tókum á eða unnið sé sérstaklega með en það er allt miðað út frá aldri barnanna. Námskrárnar eru því ekki allar eins, heldur er tekið mið af aldri hvers hóps. Það er í höndum hvers kennara og barnahóps að útfæra verkefni og ákveða hver nálgun við verkefni skulu vera allt úr frá áhuga og stöðu hópsins.

- **September/ október**      **Ég sjálf/-ur**      **Virðing**

Við ákváðum að byrja alltaf haustið með því að vinna með okkur sjálf og hafa virðingu fyrir sér og öðrum að leiðarljósi. Við leitumst við að kynnast áhuga okkar og styrkleikum.

- **Nóvember/ desember**      **Samfélagið**      **Umburðarlyndi**

Samfélagið samanstendur af fjölmörgum einstaklingum sem allir hafa sína kosti og galla. Þegar við höfum horft inn á við og kynnst okkur sjálfum vel er vert að horfa betur í kringum okkur og sjá styrkleikana sem felast í því að vinna saman og láta ólík sjónarhorn mætast til að finna bestu lausnina. Við lærum að sýna öðrum og skoðunum þeirra umburðarlyndi.

- **Janúar/ febrúar**      **Vísindi**      **Hugrekki**

Það felast vísindi allt í kringum okkur og það er skemmtilegt að gera tilraunir. Það að fara út fyrir kassann og finna nýjar leiðir krefst hugrekkis. Því vinnum við saman með þessi tvö hugtök á fjölmarga vegu.

- **Mars/ apríl**      **Náttúra**      **Umhyggja**

Í mars og apríl bankar vorið á dyrnar og fjölmargt breytist í umhverfi okkar. Við

fylgjumst vel með og skoðum hvað er að gerast með umhyggju fyrir umhverfinu og náttúrunni að leiðarljósi. Inn í þetta geta fléttast alls kyns verkefni og áhugaverðar leiðir.

#### 4.2.7 Heilsueflandi leikskóli

Helstu áherslur okkar í heilsueflandi skólastarfi þennan veturinn voru að ýta undir sköpun, rólegheit og vellíðan. Eftir annasaman tíma síðustu mánuði og ár vegna Covid þá ákváðum við að gera allt sem við getum til að minnka álag. Tvö atriði voru sérstaklega tekin fyrir

- að börnin fái ríkuleg tækifæri til sköpunar og tjáningar í leikskólanum þar sem áhersla er lögð á að þau þroski eigin sköpunarkraft og einstaklingsbundna hæfileika.
- að markvisst sé unnið að því að efla jákvæða sjálfsmynd barna með því að hjálpa þeim að finna og nota einstaklingsbundna styrkleika sína.

Það reyndist rétt ákvörðun hjá okkur að leggja áherslu á rólegheit, vellíðan og sköpun í vetur. Þó svo að oft og tíðum hafi verið nokkuð mikið álag t.d. vegna veikinda út af Covid þá voru starfsmenn sammála því að allir hafi komið nokkuð vel undan vetrinum. Frjáls sköpun fékk kíka meira vægi og nutu börn og starfsfólk þess.

#### 4.2.8 Vinátta

Vináttaverkefnið er danskt verkefni þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden í Danmörku og kom þar fyrst út árið 2007. Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og unnið er að því að fyrirbyggja einelti með því að efla góðan skólabrag með áherslu á góð samskipti og það að hafa jákvætt viðhorf til allra í hópnum. Unnið er sérstaklega að því að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við. Til þess að þetta takist er þátttaka allra í skólasamfélaginu mikilvæg, börn, starfsfólk og foreldrar þurfa að vita um hvað verkefnið fjallar auk þess sem efnið þarf að vera samofið öllu leikskólastarfinu.

Unnið er með bangsann Blæ, litlir hjálparbangsar eru fyrir hvert barn og leita börnin til þeirra ef þau þurfa. Í námsefninu eru spjöld þar sem ýmsar aðstæður eru fyrir hendi og hægt er að ræða með börnunum. Þar má einnig finna klípusögur fyrir starfsfólk, börn og foreldra, sögubók, tónlistardiskur og nuddhefti.



#### 4.2.9 Lubbi finnur málbein

Námsefnið Lubbi finnur málbein miðar að leggja inn máhljóðin á skemmtilegan hátt með því að mynda máhljóðin rétt og tengja þau saman, kynna börnunum bókstafi auk þess sem það er söngur og tákni með hverju máhljóði. Lögð er áhersla á góðar málfyrirmyndir, ríkan orðaforða, fjölbreytta og skapandi notkun málsins. Hljóðasmiðja Lubba byggir að stórum hluta á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur um hljóðþróun ungra barna sem og á nýlegri rannsókn á framburði 2 til 8 ára barna. Efnið byggir á „hljóðanámi í þrívídd“, þ.e.a.s. það tengir saman sjón-, heyrnar og hreyfi-/snertiskyn, sem auðveldar börnum að tileinka sér hljóðin og festa þau í minni sér

#### 4.2.10 Söngstundir

Söngstundir eru á hverjum föstudegi kl. 9 í sal þar sem allar deildir koma saman og syngja í ca 20 mín. Afmælisbörn vikunnar fá afmælissönginn „Afmæli þú átt í dag“ syngjum Ugluklettslagið reglulega ásamt hefðbundnum lögum og hreyfilögum. Deildarnar skiptast á að sjá um mánaðarlegan söngseðil sem tengist árstíð og þema.

### 4.3 Endurmat deilda

#### 4.3.1 Endurmat deildarstjóra á grábrók:

Nemendur á Grábrók voru 32 talsins. 14 börn í fálkahópi fædd 2016 (9 stúlkur og 5 drengir). 18 börn í krúhópi, börn fædd 2017 (9 stúlkur og 9 drengir).

Starfsmenn deildarinnar voru sex og af því var 0.5 sérkennslustöðugildi; 3 leikskólakennarar, 3 leiðbeinendur, 1 af þeim starfsmaður með meistaraþróf í sálfræði fram að áramótum og 1 í meistaranámi í leikskólakennarafræðum. Í kringum áramótin hættu 2 starfsmenn/leiðbeinendur og 2 nýir komu inn. Leikskólakennarar voru hópstjórar yfir þeim þremur hópum sem deildinni var skipt upp í.

#### Helstu áherslur deildarinnar

Í vetur var lögð áhersla á **vináttu og samskipti, lýðræði og innleiðingu Barnasáttmálans og “Réttindaskóla Unicef”** þar sem farið var ítarlega ofan í hugtökin

“**réttindi**”, hvað eru tækifæri og réttindi barna og hvað gerir okkur að okkur, fyrir hvað viljum við standa (hvernig manneskjur viljum við vera). **Elsti árgangurinn** var aðallega í þessari vinnu. Í Barnasáttmála vinnunni voru bækurnar “**Vertu þú og Venjurnar sjö**” mikið notaðar til að útskýra og hjálpa börnunum með að skilja ný og flókin hugtök og orð. Barnasáttmála bæklingurinn/greinarnar var skoðaður vel af börnunum og börnin í elsta árgang fengu bækling með sér heim. Verkefni 1 (úr Réttindaskólabókinni) “Ég á réttindi” var unnið með fálkum og börnin áhugasöm í þessu verkefni þar sem þau gerðu sitt réttindalauf.

Með innleiðingu **Barnasáttmálans og lýðræðisvinnu** út frá honum er vonast til að börnin verði meðvitaðri um sína **eigin rödd**, að þau hafi eitthvað um málin að segja, og þannig styrkist þeirra sjálfsmýnd og sjálfstraust.

Áhersla vetrarins í skólanum var “**Sköpun**” í allri sinni mynd og gekk ágætlega að flétta þemun út frá því á deildinni. Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins og áhersla á að flétta áherslum skólans og verkefnavinnu í gegnum leikinn og með lýðræðinu fengu börnin að hafa áhrif á hvaða efniviður í leik væri í boði með vali og meirihlutakosningu.

Útinám fór fram að mestu í skátahúsinu og fléttuðum við sköpun við útinámið í verkefnum og í leik barna útivið.

#### Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Í vetur skiptu **Grábrók og Baula** listakrök og salnum á milli sín í stöðvavinnu. Grábrók sá um sköpunarvinnu í listakrök fyrir þessar tvær deildir og Baula sá um hreyfistundir í sal. Hver hópur á Grábrók var þriðju hverja viku í skátahúsinu með sínum hópstjóra og svo rúlluðu starfsmenn á milli hópanna þriðju hverja viku. Þannig var gert níu vikna skipulagsplan fyrir deildina/starfsmenn og undirbúning þeirra.

Samverustundir voru fyrir mat þar sem hver árgangur var með sínum kennurum og áherslan á vinnu með hljóðkerfivítund og málþroska, orðaforða eins og rím, samsett orð, andstæður, hugtök, ásamt því að syngja og fara með þulur/vísur. Eftir hádegismat var hópunum skipt upp sem fálkar og kríuhópur 1 og 2 fyrir vinnu samkvæmt aðalnámskrá, þemum og áhersluþáttum í skólanámskrá Uglukletts.

Á miðvikudögum fór fálkahópur í **íþróttahúsið** í hádeginu. Á haustönn var farið annan hvern miðvikudag á móti Klettaborg þar sem skólar máttu ekki blandast vegna Covid-19 og þá fóru kríur með. Eftir áramót var verið með Klettaborg á hverjum miðvikudegi og kynntust börnin, sem voru að fara saman í skóla, ágætlega.



Vetrinum er skipt upp í þemu tímabil samkvæmt námsáætlunum þar sem unnið er lýðræðislega með þemun eftir áhugasviði barnanna. Í september og október var unnið með þemað „ég sjálfur og virðing“. Að þessu sinni unnu **fálkar með lýðræði, matarsóunar-vigtunarverkefni**, þar sem áherslan var um meðvitund í matartímum og síðan var unnið verkefnið “**Ég á réttindi**” úr réttindaskóla Unicef. Þar sem áhrifahringnum var fléttað saman við út frá virðingu, vináttu og sjálfum sér. **Kríuhópurinn** vann verkefni “**Ég sjálfur og fjölskyldan mín**” þar sem þau voru m.a. mynduð fyrir framan húsið sitt. Þetta ásamt miklu útinámi og sköpun. **Fálkar fóru í dagsferð í Einkunnir.**

Í nóvember og desember var unnið með þemað “**samfélagið og umburðarlyndi**”. Halloween var á þessum tíma og héldum við skemmtilegt halloween ball með tilheyrandi skreytingum. **Jólagjafir** áttu mestan tíma á þessu tímabili og **jólaundirbúningur** þar sem smákökubakstur, jólakaffihús og kósýdagur ásamt litlujólum og jólaballi voru á dagskrá. Orðið „**umburðarlyndi**“ var skoðað vel og reynt að skilja fyrir hvað það stendur og **samvinnuverkefni** voru unnin tengt því eins og **klippiverkefni, myndlist/málningar verkefni og sögugerðar verkefni.**

Jólagjafir: Í vetur var lagt mikið upp úr verkefni tengt jólagjöfum barnanna til foreldra sinna. Hvert barn útbjó jólagjafir til sinna foreldra eftir sínum hugmyndum og getu. Þegar hugmyndin að gjöfinni var komin fór ákveðið ferli í gang þar sem börnin útfærðu sína hugmynd og kennarar skráðu niður. **Með gjöfinni fylgdi myndaskráning frá hverju og einu barni.**

Vísindi og hugrekki var þemað í janúar og febrúar. Mikið var um tilraunir með allskonar efnivið. Bækurnar um „**Litla fólkið og stóru draumana**“ var kynnt fyrir fálkum þar sem merkir einstaklingar koma fyrir, vísindamenn o.fl. og rætt um mikilvægi þess að eiga sér drauma og fylgja þeim eftir(ekki gefast upp). **Tilraunir** sem slógu í gegn var kúlubraut, matartilraun/eftirréttur, blektilraunaverkefni, eldgos og poppað á grilli, vatnsmálað í snjónum o.fl. Orðið „**hugrekki**“ var skoðað og hvernig væri að vera hugrakkur vinur, hugrakkur að prófa nýja hluti og æfðum okkur í að sigrast á óttanum. Fálkar sömdu bréf **til bæjarstjórans** og fóru með til hans og afhentu með óskir um **úrþætur í Borgarbyggð**. Bæjarstjórinn tók vel á móti okkur. **Porrinn** var á þessu tímabili með þeim venjum sem honum fylgja, þorrablóti, hjálmagerð, og Frost á fróni. **Föstudagurinn dimmi** var með óhefðbundnu sniði vegna covid en **tröllapema** sem var útbúið vakti lukku og áhuga og tröllaskúffukaka var bökuð ásamt því að fara í leit að endurskinsmerkjum. **Slökkviliðið**

kom og afhenti öllum börnum **merkta boli**. Fálkar og Kríur fóru í sitthvoru lagi í heimsókn í safnahúsið á sýninguna „**Börn í hundrað ár**“ og fuglasýningin.

Þemað „**náttúran og umhyggja**“ var í mars og apríl þar sem mikil áhersla var á **útinám og sköpun**. Hjá Fálkum var útiöldun og útivera þar sem m.a. **jóga og öndun** var æfð. **Árstíðirnar** voru skoðaðar og í kjölfarið leiddi eitt af öðru og **tunglið sólin og jörðin** skoðuð, og gerðum síðan myndaklippiverkefni þar sem hafið, jörðin og himininn var grunnur. Fálkar fóru í heimsókn á **Bókasafnið**. Undirbúningur fyrir **útskrift** byrjaði og fálkarnir völdu að búa til leikrit og völdu veitingar sem þau vildu bjóða uppá í útskriftinni. Vorskólinn var í 3 daga í enda apríl og gekk vel. **Sköpunarvika** var haldin í byrjun apríl þar sem opinn efniviður var í boði í sal og börnin fengu að nota hann eins og þau vildu og létu sköpunargáfuna ráða för. Þetta tókst mjög vel og í lok vikunnar var haldin „**sýning**“ fyrir foreldra. Þarna var áherslan á ferlið frekar en afrakstur. Um miðjan mars voru **litavikur** sem tókust vel og málning og leir var í stóru hlutverki. Börnin hnoðuðu litinn í leirinn sjálf og höfðu gaman að því. Kríur voru í mikilli vináttuvinnu þetta þema þar sem áherslan var á sköpunarvinnu í sögugerð og listakrök. Regluleikir voru æfðir, **Lubbaverkefni** unnin og mikil útivera og ruslatínsla. Fálkar fóru í **skólaheimsókn** 1x í mars.

### Útskrift/Útskriftarferð

Í ár völdu börnin að syngja „Ef þú ert súr, vertu þá sætur“ (Eninga meninga), Leikskólalagið (hefð), Við erum dropar, og Með hækandi sól (eurovisionlagið). **Þau völdu að búa til leikrit** „Ævintýrið um þjófana sem rændu gullinu úr höllinni“ það gekk vel að setja saman og æfa, **börnin völdu sér hlutverk**, fundu sér búninga og bjuggu til leikmynd eins og þau vildu hafa hana. Leikritið var síðan tekið upp á myndband og sýnt á útskriftinni þar sem fjölskyldur barnanna mættu. Einnig var **myndasýning rúllandi** þar sem myndir af útskriftarbörnum í verkefnavinnu vetrarins og yfir alla leikskólagönguna voru sýnd. **Börnin völdu veitingar** til að bjóða uppá í útskriftinni með lýðræðislegri kosningu og fyrir valinu varð regnbogakaka, ákveðnir ávextir og heitt kakó og djús. Mikil spenna og gleði var við undirbúning útskriftarinnar sem tókst vel til.

Í útskriftarferðinni er farið í ferð sem hefur verið hefðbundin hingað til þar foreldrar eða skyldmenni koma með. Farið er í rútu og gengið upp á Grábrók, síðan er farið í Paradíslaut þar sem borðað er nesti og leikið og notið umhverfisins. Á leiðinni þangað er leikur þar sem hópnum er skipt í tvennt, þau finna stafi sem hanga í trjánum, finna í sameiningu með foreldrum sínum orð og skrifa á þar tilgert blað. Í Paradíslaut er svo

alltaf glaðningur frá ákveðnum álfi sem skilur eftir ratleikjakort og glaðning (popp) á ákveðnum stað, þetta vekur alltaf mikla lukku. **Börnin völdu nestið** (kosning) sem var með í för og grillaðar pylsur urðu fyrir valinu og djús. Þessi ferð heppnaðist mjög vel og og góður andi skapaðist í hópnum og foreldrar vakandi og hjálpsöm með það sem þurfti að gera. Dröfn og Margrét voru starfsmenn í þessari ferð.

### Afmæli

Fyrirkomulagið í afmælum hjá elstu deildinni er eins og hjá hinum deildum, börnin gera kórónur sjálf þar sem þau klippa og mála þær. Börnin velja hvort þau bjóði uppá popp, saltstangir eða saltkringlur í afmælinu, hópurnir/árgangurinn kemur saman, syngur fyrir afmælisbarnið og afmælisbarnið útbýtir veitingar. Hópurinn **teiknar litla mynd** fyrir afmælisbarnið sem er svo sett í **litla bók** sem fer svo heim með barninu ásamt kórónu. Í afmælinu velur barnið **sér uglu í glerskápnum** sem gengur á milli barnanna í hópnum og þau segja eitthvað **gott/jákvætt** um afmælisbarnið.

**Sumarþema er í maí, júní og ágúst.** Í maí fór mikill tími í undirbúning útskriftar, leikritaæfingar, söngæfingar og útbúa boðskort og fleira. Við fengum ekki drauma veðrið í júní en fórum m.a. í **gönguferð að Borg** þar sem allir nutu umhverfisins í frelsi og gleði, nesti var tekið með í hádegismat og var mikið sulað í læknum og komu börnin misblaut í Ugluklett en vel heppnuð ferð. **Íþróttaleikar** voru snemma í júní úti í garði fyrir allan leikskólann þar sem ákveðnir starfsmenn/nefnd af hverri deild tóku að sér að sjá um og setja upp stöðvar, skemmtilegt uppbot. **Egilsgangan** var farin í ár sem er hefð fyrir að fara annaðhvert ár. Í göngunni er Egilssögu fléttað saman við þar sem farið er með leikþætti af starfsmönnum á ákveðnum stöðum sem tengjast Egilssögu. Nesti er tekið með og stoppað reglulega. Gangan endar við Brákarey en komið er við í hádegismat í Skalló þar sem pylsur eru grillaðar og hvílt aðeins. Þrír elstu árgangar fara í þessa göngu. **Brunch morgunverður** var í enda júní þar sem boðið var upp á pönnukökur í eldföstu móti, beikon, hrærð egg með sírópi, þetta sló í gegn hjá öllum og skemmtilegt að brjóta upp hefðbundin morgunmat rétt áður en við fórum í sumarfrí og elstu börnin hætta hjá okkur. Annað sem við gerðum til að brjóta upp hversdaginn var **vatnsrennibraut, útimálun, ísdagur, rabbarbarapægerð.**

### Tónlistarstundir

1x í viku voru tónlistarstundir þar sem hver hópur var saman fálkar sér, kríur 1 sér og kríur 2. Farið var í regluleiki, hreyfileiki þar sem unnið var með takt, rythma og hlustun, samvinnuleiki, hljóðfæraleiki þar sem skipst er á og fl.



#### 4.3.2 Endurmat deildarstjóra á Eldborg

Nemendur á Eldborg voru 13 talsins í enda skólaársins, börn fædd 2019 og 2020 (strákar 7 og stelpur 6). Börn fædd 2019 voru 10 og börn fædd 2020 voru 3.

Starfsmenn deildarinnar voru 3 talsins og af því var 1 leikskólakennari (deildarstjóri) og 2 leiðbeinendur, allir starfsmenn voru í 100% starfi.

#### Helstu áherslur deildarinnar:

Á Eldborg leggjum við mesta áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum og eigi í góðum samskiptum. Við viljum að börnin finni að þau séu örugg og þeim líði vel hjá okkur. Við vinnum út frá vináttuverkefni Barnaheilla, þar sem lögð er sérstök áherslu á umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og umhyggju en það eru gildi vináttuverkefnisins og fléttum við það inn í þemaverkefni hvers mánaðar. Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um vináttuverkefnið á <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta>

Við leggjum áherslu á að börn læri í gegnum leik og tileinki sér góða félagsfærni. Starfið á Eldborg er unnið út frá því og eru kennarar meðvitaðir um að taka þátt og styðja við börnin í leiknum. Við vinnum með fjölbreyttan efnivið, t.d. könnunarleik sem ýtir undir áhugahvöt og forvitni barnanna.

Í vetur vorum við með sérstaka áherslu á að vera góður vinur, hvernig við sýnum öðrum skilning, leikum okkur saman og notum orðin okkar. Við sýnum **virðingu og umburðarlyndi**.

#### Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Í Uglukletti er fljótandi dagsskipulag sem þýðir að ekki eru niður negldar stundatöflur en þó eru nokkrir fastir punktar í starfinu. Hluti af dagskipulaginu er stöðvarvinna þar sem kennarar vinna á ákveðnum stöðvum og börnin geta valið sér þau verkefni sem vekja áhuga hjá þeim. Stöðvavinnan tekur mið af grunnþáttum aðalnámskrár.

Fram eftir hausti tókum við á Eldborg ekki þátt í stöðvunum með beinum hætti en þegar leið á veturinn var farið fram með nokkur börn í einu, svo að þau fengju að venjast að stöðvavinnu á morgnanna. Þegar leið á maí mánuð var opnað alveg og Eldborg fylgdi eftir það hinum deildunum á morgnanna, milli 9 og 10 í stöðvavinnu.

Samverustundir voru eftir hádegismat þar sem börnunum var skipt í tvo hópa. Annar hópurinn vann verkefni þar sem horft var til námsþátta aðalnámskrá og áherslupætti í skólanámskrá Uglukletts. Hinn hópurinn svaf eftir hádegismat. Við vorum einnig með starf í hópum seinni partinn eða eftir kaffitíman, þar sem unnið var markvisst eftir þemum hér í leikskólanum. Við skiptum vetrinum upp í nokkur tímabil þar sem unnið er eftir ákveðnu **þema**. Þessi þemu eru síðan unnin t.d. út frá könnunaraðferð.

Í september og október var unnið með þemað „ég sjálfur“ og „virðing“. Unnin voru ýmis verkefni þessu tengt svo sem rætt um hollustuhættir, hreyfing, slökun og líðan og það útfært með ýmsum hætti. Við æfðum sjálfstraustið til dæmis með því að koma fram fyrir hópinn og að æfa félagsleg samskipti. Það var mikið rætt um virðingu fyrir sjálfum sér og hvert öðru. Við nýttum tækifæri að æfa okkur að klippa vindahendi. Barnasáttmálinn var tekin með í verkefnavinnu í vináttuverkefnið, meðal annars að kenna þeim að setja orð á tilfinningar og að það er í lagi að segja nei.

Í nóvember og desember var unnið þemaverkefni tengt **samfélaginu** og **umburðarlyndi**. Við unnum að verkefnum sem tengdist umburðarlyndi „pláss fyrir alla“. Unnið var t.d. með verkefni tengd vináttuverkefninu. Í desember ákváðum við að gefa enn meira pláss fyrir slökun og rólegheit. Við vorum í jóga og unnum þar með að vera kurteis og passa uppá að það sé pláss fyrir alla. Í nóvember gerðu börnin jólagjafir fyrir foreldra.

Jólagjafir: Þetta árið gerðu börnin listaverk fyrir foreldra sína. Það voru nokkrir sem gerðu gifshendi á platta fyrir foreldra sína en aðrir gerðu annars konar myndverk. Kennarar voru til staðar en börnin sjá alfarið um að gera myndina. Með gjöfinni fylgdi síðan myndaskráning frá hverju og einu barni

Í janúar og febrúar var þemaverkefnið tengt **vísindum og hugrekki**. Í janúar voru breytingar á deildinni, 2 börn fóru á Baulu og 3 ný börn komu á Eldborg, þá voru 13 börn inná deildinni. Við byrjuðum að vinna með tölur, að telja upp í 10 og vorum með skynjunar og hugrekkis vinnu. Við nýttum t.d. delta sand og pasta fyrir skynjun. Þegar leið á janúar kom covid nokkuð hressilega við í leikskólanum og vorum við nokkuð mikið inni á Baulu og á Skessuhorni það tímabil. Deildarnar þrjár unnu vel saman meðan mestu fjarverur vegna veikinda barna og starfsfólks liðu hjá.

Í mars og apríl var þematímabil tengt **náttúru og umhyggju**. Við vorum með sköpunarviku, þar sem börnin leyfðu sköpunargáfunni að njóta sín og unnum aftur með skynjun, prófuð var ýmis áferð eins og að setja málningu á ilina og labba á blað og mála með fótunum.

Í maí til ágúst var sumarþema og unnum við t.d. með víkinga, umhverfið, Lubba og byrjuðum við að kynna börnunum fyrir stöfunum sínum. Við höfum fórum mikið út í garð og nýtum okkur útiveruna. Unnum verkefni tengt 17.júní og sumrinu. Við ákváðum að leyfa börnunum meira að ráða ferðinni, þá hvar áhuginn er og við höfum reynt að gera verkefni tengt því.

Deildarstjóri sendi tölvupóst á foreldra reglulega þar sem þeir voru upplýstir um þau verkefni sem verið var að vinna hverju sinni ásamt öðrum upplýsingum sem við átti hverju sinni.

### Hreyfistund

Við höfum farið 1x í viku í salinn í vetur og notað fjölbreyttan efnivið hverju sinni.

### Lubbi finnur málbein

Í vetur unnum við með að læra máhljóðin, börnin hlustuðu á lögin og æfðu framburð á hljóðunum. Unnið var með ýmis verkefni tengt Lubba og máhljóðunum.

### Tónlist

Í vetur fóru öll börnin á Eldborg í tónlist einu sinni í viku þar sem ákveðin tónlistar verkefni voru unnin.

Málþroskaskimun: Tras var lagt fyrir öll börn frá 2 ára aldri, skimunin fer fram 2 svar á ári .

### Foreldrasamstarf á deildinni

Á Eldborg var foreldrum boðið upp á samtal að vori, þá máttu foreldrar ráða hvort þau vildu mæta eða fá símaviðtal, vel var mætt í viðtölin á deildinni. Við notumst við ljósmyndaskráningu og sendum á foreldra hvað börnin eru að fást við í daglegu starfi. Karellen er einnig notuð í samskipti við foreldra. Foreldrar hafa lýst yfir ánægju með að geta séð hvað börnin eru að gera yfir daginn í leikskólanum og einnig að geta séð skráningu um svefn og hvernig börnin borða. Deildarstjóri sendi tölvupóst á foreldra reglulega þar sem þeir voru upplýstir um þau verkefni sem verið var að vinna hverju sinni ásamt öðrum upplýsingum.

#### 4.3.3 Endurmat deildarstjóra á Baulu

Nemendur á Baulu voru 17 talsins í byrjun skólaársins, öll fædd 2018 (9 stelpur og 8 strákar) um áramótin bættust við tvö börn fædd 2019 (1 stelpa og 1 strákur) Starfsmenn deildarinnar voru 4 talsins og af því voru 3 leikskólakennarar og 1 uppeldis og menntunarfræðingur í 100% starfi. 1 háskólamenntaður starfsmaður í hlutastarfi sá um afleysingu.

Í október var skipt um deildarstjóra og einn leiðbeinandi í 80% starfi kom inn á deildina. Um áramótin kom einn leiðbeinandi inn á deildina í 100% stöðu og voru starfsmenn deildarinnar þá 5 talsins.

#### Helstu áherslur deildarinnar:

Á Baulu leggjum við mesta áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum og eigi í góðum samskipti. Við viljum að börnin finni að þau eru örugg í daglegu starfi hjá okkur. Við vinnum út frá vináttuverkefni Barnaheilla, þar sem lögð er sérstök áherslu á umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og umhyggju en það eru gildi vináttuverkefnisins og fléttum við það inn í þemaverkefni hvers mánaðar. Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um vináttuverkefnið á <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta>

Við leggjum áherslu á að börn læra í gegnum leik og tileinki sér góða félagsfærni. Starfið á Baulu er unnið út frá því og eru kennarar meðvituð um að taka þátt og styðja við börnin í leik. Við vinnum með fjölbreyttan efnivið, t.d. könnunarleik sem vekur áhuga og forvitni barnanna.

#### Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Samverustundir eru tvær yfir daginn. Fyrir hádegismat sitjum við öll saman og syngjum, ræðum saman eða æfum hljóðin. Eftir hvíldina er börnunum skipt upp í minni hópa þar sem unnið er að námsþáttum aðalnámskrá og áhersluþáttum í skólanámskrá Uglukletts.

Við skiptum vetrinum upp í 2 mánaða tímabil þar sem unnið er eftir ákveðnu þema. Þessi þemu eru síðan unnin á ýmsan hátt.

Í september og október var unnið með þemað **ég sjálfur** og **virðing**. Unnin voru ýmis verkefni tengd þemanu t.d. lærðum við líkamsheiti, eflum sjálfstraustið með því að koma fram fyrir framan hóp. Börnin teiknuðu sjálfsmynd. Við ræddum mikið um vináttu, að bera virðingu fyrir vinum okkar og okkur sjálfum. Við tókum fyrir 3. gr. Barnasáttmálans „það sem barninu er fyrir bestu“ þar ræddum við m.a. um rétt barna til að búa í húsi og sofa í rúmi. Við ræddum einnig um tilfinningar, lásam Bínu bálreiðu og sungum tilfinningablúsinn. Það var unnið með form og liti á ýmsan hátt

Í nóvember og desember var þemað **samfélagið** og **umburðarlyndi**. Vináttuverkefnið var notað til að læra um umburðarlyndi. Lubbi var tekinn reglulega og við byrjuðum að nota lærur og leikum með hljóðin til að æfa betur /s/, /r/ og samhljóðaklasa. Unnum með form á ýmsan hátt, klipptum út og lituðu.

Jólagjafir: Börnin lögðu mikla vinnu í jólagjafir til foreldra sinna. Byrjað var á því að ræða við hvert og eitt barn um hvað það vildi búa til handa foreldrum sínum í jólagjöf. Börnin bjuggu síðan til gjöfina út frá sínum hugmyndum. Kennarar skráðu niður samræður og tóku myndir af ferlinu. Með gjöfinni fylgdi síðan myndaskráning. Börnin bjuggu til merkimiða með því að teikna form og klippa út, þau skreyttu svo merkimiðann. Börnin völdu efni sem þau pökkðu svo gjöfinni í.

Í janúar og febrúar var þemað **vísindi** og **hugrekki**. Við gerðum ýmsar vísindalegar tilraunir, t.d. búið til eldgos og slím, tókum snjó inn og máluðum. Einnig farið út með litað vatn til að mála snjóinn. Hugrekki tekið fyrir í vináttuverkefninu, hafa hugrekki til að segja stopp og nei og til að prófa nýja hluti. Við unnum með tröll, lásam tröllasögur og bjuggum til tröll. Við gerðum þorrablótskórónur og sýndum hugrekki á þorrablótinu með því að smakka. Unnum með Lubba og lærur og leikum með hljóðin.

Í mars og apríl var þemaverkefnið tengt **náttúru** og **umhyggju**. Við ræddum umhyggju á ýmsan hátt, t.d. að bera umhyggju fyrir náttúrunni og hvort öðru. Nýttum vináttuverkefnið o.fl.



Í maí til ágúst var sumar þema og einkenndist það af útiveru. Við fræddumst um Egilssögu og fórum í gönguferð niður að Brákarsundi og stoppuðum á stöðum tengdum Egilssögu. Við fórum einnig í dagsferð í Einkunnir þar sem við nutum þess að vera úti í náttúrunni.

### Hreyfistund

Hreyfistund var 1x í viku, ýmist skipulögð eða frjáls. Tókum jógastundir nokkrum sinnum yfir veturinn en var ekki markvisst.

### Lubbi finnur málbein

Í vetur unnum við með að læra máhljóðin og börnin hlustuðu á lögin og æfðu að segja hljóðin. Það var unnið með ýmis verkefni tengt Lubba/máhljóðin. Hægt er að nálgast upplýsingar um lubba á: <https://www.lubbi.is/>

### Tónlist

Í vetur fóru börnin mjög óreglulega í tónlist. Sungum nokkrum sinnum í viku en ekki alltaf daglega.

Málþroskaskimun: TRAS er gert á öllum börnum frá 2 ára aldri og fer skimunin fram tvisvar á ári.

### Foreldrasamstarf á deildinni

Á Baulu eru haldin 2 foreldraviðtöl, eitt að hausti og eitt að vori. Fyrra viðtalið er haldið stuttu eftir að kennarar hafa gert TRAS fyrir hvert barn og farið yfir allt það helsta. Seinna viðtalið er svo í framhaldi af fyrra viðtalinu. Á þessu skólaári tókst að fá flesta foreldra í tvö viðtöl. Það náðist ekki alveg að hafa þau í samræmi við TRASið en reynt var að koma því í réttan farveg. Við notumst við ljósmyndaskráningu og sendum á foreldra hvað börnin eru að fást við í daglegu starfi. Karellen er einnig notuð í samskipti við foreldra. Foreldrar eru ánægð að geta séð hvað börnin eru að gera á daginn í leikskólanum.

Deildarstjóri sendi tölvupóst á foreldra reglulega þar sem þeir voru upplýstir um þau verkefni sem verið var að vinna hverju sinni ásamt öðrum upplýsingum sem við átti hverju sinni.

#### 4.3.4 Endurmat deildarstjóra á Skessuhorni

Í vetur voru 14 börn á Skessuhorni, þau voru að tínast inn frá hausti og fram í febrúar. Einnig færðust börn frá okkur yfir á Eldborg í janúar. 3 börn voru fædd 2021 og 11 2020. 5 strákar og 9 stelpur.

Starfsmenn á deildinni voru 4; 2 leikskólakennarar og 2 leiðbeinendur og að vori bættist við 1 nemi í leikskólalíða námi. Kennarar voru í mismunandi starfshlutfalli. Það fór mikill tími í aðlögun þar sem börn komu inn í ágúst, október, nóvember, janúar og febrúar.

##### Helstu áherslur deildarinnar:

Mikil áhersla var á frjálstan leik barnanna, við erum með 2 stofur svo alltaf var mismunandi leikefni í boði. Könnunarleikur var a.m.k. 2 svar í viku í boði. Duplo kubbar og segulkubbar voru mikið notaðir ásamt dýrum og boltum. Tónlist var ekki markviss fyrr en eftir áramót þá fóru þau í litlum hópum í sérstaka tónlistastund. En mikið var sungið á hverjum degi og hlustað á tónlist. Við máluðum töluvert og lituðum, prófuðum að mála með höndum og fótum. Leir var mikið notaður og leikið með pasta og grjón. Við notuðum ljósaborð til að setja ýmsa hluti á og bókstafi sem lýstust upp á ljósaborðinu. Einnig dönsuðum við mikið.

Mikil áhersla er á almenna umönnun, umhyggju, knús og byggja upp öryggi hjá börnunum sem voru mjög ung á deildinni.

Málörvun var mikil, alltaf verið að tala við börnin og setja orð á alla hluti og allar athafnir. Mikið skoðað af bókum og talað um hvað er á myndunum og einnig notuðum við mikið myndir af hlutum og dýrum. Við æfðum okkur í samskiptum að vera góður og að bera virðingu fyrir öllum og skiptast á leikföngum.

Hreyfing í sal, vorum með íþróttafreðing til að byrja með í haust, sem tókst mjög vel, tók börnin í litlum hópum í smá stund. Byrjaði á að taka elstu börnin þar sem yngstu börnin voru nýaðlöguð. Hún fór síðan í fæðingarorlof og eftir það sáum við sjálf um þetta. Settum upp smá þrautabraut til að æfa jafnvægi, klifra, hoppa, fara kollhnís, skríða gegnum orm o.fl. leika með bolta sem við vorum mjög dugleg að gera og börnunum finnst mjög gaman að leika með (æfa sig að kasta, grípa, sparka). Eftir áramót settum við starfsmann í að skipuleggja hreyfingu í sal sem var mjög gott.



#### Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Börnin á Skessuhorni fóru út þegar veður leyfði, oft komu dagar þar sem ekkert var hægt að fara út. Stundum fóru eldri börnin út en þau yngri voru inni. Mörg börn voru ekki farin að ganga þegar þau byrjuðu, þar sem þau komu inn um eins árs. Við borðuðum snemma eða rúmlega 11 þar sem börnin voru orðin mjög þreytt á þessum tíma.

Samverustund var á hverjum degi fyrir hádegismat, þá var sungið eða skoðaðar bækur, einnig var lesið fyrir lítinn hóp barna og þá oft eftir kaffitímamann.

Í þemavinnu var lögð áhersla á litina, líkamspartana, ég sjálfur og fjölskylduna.

Gönguferðir, lítið var um ferðir út fyrir leikskólann, en fórum nokkrum sinnum með 6 barna kerru í göngu í nágrenninu og kíktum á róló í nágrenninu.

Málþroskaskimun: Tras er gert á öllum börnum frá 2ja ára aldri en börnin á deildinni náðu ekki þeim aldri í vetur.

Sjálfbærni og vísindi Við lögðum mikla áherslu á að börnin yrðu sem sjálfstæðust, við æfðum þau í að borða sjálf, læra að drekka úr stútkönnu og svo glasi og nota gaffal og skeið. Þau æfa sig líka í að ganga frá t.d. diskum og glösum eftir kaffitíma eins smekkjum og klútum til að þvo sér með.

Foreldraviðtöl voru tvö á árinu, eitt að hausti og annað að vori þar sem farið var yfir hvernig gengur og líðan barnanna. Fyrsta viðtalið er aðlögunarviðtal sem er þegar barnið er búið að vera smá tíma á leikskólanum svo misjafnt var hvenær þau voru.



#### 4.3.5 Skýrsla sérkennslustjóra

##### **Sérkennsla í leikskólanum Uglukletti veturinn 2021-2022**

Lögð er áhersla á að sérkennsla í Uglukletti fari að mestu fram inni á deild barnanna í daglegu starfi leikskólans. Einnig er unnið með einstaka börn einstaklingslega eða í fámennum hópum í sérkennslurými leikskólans. Öll börn sem eru með frávik á þroskaþætti fá einstaklingsnámskrá sem stuðst er við í þeirri vinnu sem fram fer í leikskólanum. Einstaklingsnámskrárnar eru unnar út frá AEPS sem er færnimiðað matskerfi og eru námskrárnar endurskoðaðar á 6 mánaða fresti. Ný markmið, með beina tengingu í námskrána, eru sett fram og endurmetin á 6-8 vikna fresti og þær aðferðir sem verið er að nýta til að ná þeim endurmetnar eftir þörfum. Fundað er reglulega með foreldrum þeirra barna sem eiga einstaklingsnámskrá í þeim tilgangi að endurmeta markmið í samráði við þá. Börn sem einungis eru með frávik í framburði hafa ekki átt einstaklingsnámskrá en haldið er utan um markmið þessara barna með sérstakri skráningu þar sem þau hljóð sem verið er að vinna með hverju sinni koma fram og framvindan er skráð.

Teymi hafa verið starfandi í kringum tvö börn vegna velferðar þeirra og náms í vetur. Aðkoma Ráðgjafar- og greiningarstöðvar hefur verið mjög regluleg og hafa starfsmenn þaðan komið á formlega teymisfundi en einnig til að meta stöðuna á milli funda, aðstoða með þau hjálpartæki sem hefur þurft að nýta í vetur og gefa góð ráð. Þá hefur fyrirburateymi Landspítala einnig komið að og veitt ráðgjöf.

Sérfræðiþjónusta Borgarbyggðar kemur að málum innan leikskólans sem þarfnast greiningar. Sérfræðiþjónustan hefur einnig nýst til ráðgjafar í vetur varðandi ýmis mál er varða börn sem fá sérkennslu í leikskólanum og hefur málstjóri til að mynda komið í leikskólann á tveggja mánaða fresti í vetur til að eiga ráðgefandi samtal við

sérkennslustjóra. Fulltrúi sérfræðipjónustu hefur einnig setið teymisfundi þar sem þess hefur verið óskað.

Talmeinafræðingar hafa komið eftir þörfum á skólaárinu í leikskólann til þess að meta bæði framburð og málþroska barna. Að loknu mati hafa þeir skilað af sér skýrslum til foreldra og leikskóla sem unnið hefur verið eftir. Þá hafa talmeinafræðingarnir einnig komið í leikskólann til að veita ráðgjöf og leiðbeina um stöðu og framfarir einstaka barna. Í vetur hafa sálfræðingar sveitarfélagsins komið að mati á einu barni en þar fyrir utan komið eftir þörfum í leikskólann með ráðgjöf og leiðsögn til sérkennslustjóra, kennara og einnig til foreldra. Þá kom kennslu- og virkniráðgjafi að máli eins barns þar sem óskað var eftir ráðgjöf vegna hegðunar.

Lausnateymi leikskólans hefur fundað reglulega í vetur. Í lausnateyminu sitja sérkennslustjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Tilgangur teymisins er að skoða og samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð í leikskólanum.

Framan af skólaári voru takmarkanir vegna heimsfaraldursins af völdum covid-19, þó mismiklar eftir stöðu faraldursins. Á tímabili féllu allir fundir í leikskólanum niður, þar með taldir fundir vegna einstakra barna sem njóta sérkennslu, en oft var tæknin nýtt og fundað á Teams. Áfram var unnið í ljósi einstaklingsáætlana þar sem þær voru til staðar og þær endurmetnar í leikskólanum, samskipti við foreldra fóru í auknum mæli gegnum síma og takmörkuðust af þeim tilmælum sem voru í gildi hverju sinni. Þetta ástand setti svip sinn á samstarf við foreldra og sérfræðinga utan leikskólans en það unnu allir eins vel og mögulegt var að því að sinna þörfum barnanna með þroska þeirra og velferð að leiðarljósi.

Helstu skimanir sem stuðst er við í leikskólastarfinu:

		Framkvæmd	Tímasetning
Tras skimun	Öll börn leikskólans frá 2-5 ára.	Deildarstjórar og leikskólakennarar með réttindi	2 mánuðum eftir 2 ára afmæli barns og síðan á 6 mánaða fresti eftir það.
Hljóm-2 próf	Fálkar, elstu börn leikskólans.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri	Október -Endurmat í mars hjá þeim sem koma út í slakri eða mjög slakri færni.

AEPS skimun	Börn sem þurfa stuðning við nám sitt.	Sérkennslustjóri	Í fyrsta skipti ef ástæða þykir til og síðan endurmetið á 6 mánaða fresti.
Orðaskil skimun	Metur stöðu orðaforða hjá einstaka börnum.	Sérkennslustjóri	Þegar barnið er á bilinu 1 ½ til 3ja ára.

#### 4.3.6 Endurmat leiðsagnarkennara

Helstu verkefni leiðsagnarkennara í Uglukletti þennan veturinn var að taka á mótí nýju starfsfólki og fylgja þeim eftir í starfi fyrst um sinn. Leiðsagnarkennari leitaðist einnig við að vera stuðningur við nýútskrifaða kennara og annað starfsfólk. Þennan vetur var enginn nemi í vettvangsnámi í Uglukletti. Leiðsagnarkennari hefur verið starfsfólki innan handar við val á símenntun og annarri starfsþróun. Hann hefur því verið stuðningur þegar kemur að því að finna námskeið og námsleiðir sem henta hverjum og einum.

## Leikskólabragur

### 5. Leikskólabragur

#### 5.1 Sérstakir dagar

Í Uglukletti er haldið upp á fjölmarga sérstaka daga á hverju skólaári sem er of langt að gera ítarleg skil. Þetta eru dagar eins og; Dagur læsis, alþjóðlegi bangsadagurinn, dagur íslenskrar tungu, afmælisdagur Uglukletts, jólaball, þorrablót, dagur leikskólans, strákakaffi, stelpukaffi, bollu-, sprengi- og öskudagurinn. Einnig eru fjölmargir sérstakir viðburði í skólanum sem eru orðnir hluti af menningu hans, eins og; litadagar, rafmagnslaus dagur, leikfangadagar, íþróttadagur, náttfatadagur, jólakaffihúsavika, gjörningavika, hjóladagar, brákarganga ásamt fjölmörgum öðrum viðburðum sem eru til dæmis tengdir sumarstarfi okkar. Hér verður helstu viðburðum á skólaárinu gerð skil en vegna ástandsins í samfélaginu höfum við þurft að gera allskyns breytingar á viðburðum og því miður þurft að fella suma þeirra niður þennan veturinn.

##### 5.1.1 Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

4. bekkur kom í heimsókn og lásu fyrir börnin í leikskólanum. Allir fengu ávexti og sungu

saman í salnum, eftir það var farið í útiveru. Alltaf mjög skemmtileg stund.

#### 5.1.2 Jólaleikrit

Jólasýning á vegum foreldrafélagsins, kl 9:30. Sýningin var einleikur og hét Jól í tösku eftir Þórdísi Arnljótsdóttur.

#### 5.1.3 Jólakaffihúsa-vika 14. – 17. desember

Í jólakaffihúsa-vikunni breytum við einu rými í húsinu í kaffihús skreytt með jólaljósum og jóladóti. Lesin er jólasaga og farið með jólaþulu og boðið upp á alvöru kakó, vöflur og smákökur. Bangsinn Blær er vertinn á þessu kaffihúsi. Þetta árið var skipulagið þannig að Grábrók skipti sínum hóp í hlutverk og sá um kaffihúsið fyrir sig. Hinar deildirnar völdu sér einn dag til að hafa jólakaffihús tíma.

#### 5.1.4 Jólabball 8. desember

Jólabball var í leikskólanum þann 8. des og að þessu sinni voru bara börn og starfsmenn viðstödd. Deildirnar skiptust á að ganga í kringum jólatréð í salnum.

#### 5.1.5 Föstudagurinn dimmi

Föstudaginn 14. janúar er föstudagurinn Dimmi í Borgarbyggð. Við nýtum tækifærið þann dag og höfum vasaljósadag. Búnar voru til endurskinsmerkja brautir í garðinum og boðið var upp á heitt kakó við eldstæðið.

#### 5.1.6 14. janúar

Skessuhorn þurfti að fara í sóttkví vegna covid 19. Fyrsta lokun deildar frá því að allur leikskólinn fór í sóttkví alveg í upphafi faraldursins.

#### 5.1.7 Strákakaffi

Var ekki haldið í ár vegna covid 19.

#### 5.1 8. Stelpukaffi

Var ekki haldið í ár vegna covid 19

#### 5.1 9 Litavikur

Það voru litavikur hjá okkur 14.-25. mars. við lékum okkur með litina á allskyns vegu,

s.s. mættum í fötum í viðkomandi lit og unnum með litina á skapandi hátt.

#### 5.1.10 Sumarstarfið

Fyrsti hjóladagur sumarsins var 25. maí. 15. júní, kl 10 var fundur fyrir foreldra barna sem byrja hjá okkur í haust eða snemma vetrar. Íþróttaleikar Uglukletts voru haldnir 9. júní. 16. júní var ömmu og afa kaffi. Þetta árið var Brákarhátíðar vika hjá okkur þann 20.-24.06. Grábrók og Eldborg fóru í ratleik um Bjargslandið en Baula labbaði beint á Webley en þar hittust svo hóparnir fóru í leiki og fengu svo frostpinna.

Sumarlokun leikskólans var frá og með 4. júlí þetta skólaárið.

#### 5.1.11 Heimsóknir

- September 2021, hópur nema af íþróttabraut menntaskóla Borgarfjarðar kom í heimsókn og setti upp þrautabraut fyrir börnin. Að þessu sinni voru þó allir hópar utandyra.
- Í byrjun maí 2022 komu 3 kennarar frá Tékklandi í heimsókn til okkar og fylgdust með starfinu hjá okkur í eina viku.
- Í maí 2022 kom fyrsti leikskólinn í heimsókn í Ugluklett eftir Covid.

### 5.2 Foreldrasamstarf

#### 5.2.1 Foreldrafundur

Í september var foreldrafundur þar sem foreldrum voru kynntar helstu áherslur á komandi skólaári. Var fundurinn klukkan 9.00 og var nokkuð vel sóttur.

#### 5.2.2 Fundur með foreldrum nýrra barna

Einu sinni til tvisvar á ári (allt eftir aðstæðum) er fundur með foreldrum nýrra barna. Til þessa fundar eru boðaðir allir þeir foreldrar sem eru að byrja með barnið sitt í leikskólanum á komandi misserum og er tilgangur fundanna að útskýra aðlögunarferlið og starfsemi leikskólans. Að þessu sinni var fundurinn haldinn kl. 10.00 14 júní 2022.

#### 5.2.3 Foreldraráð

Við leikskóla skal kjósa ár hvert í foreldraráð (skv.11. gr. laga um leikskóla nr. 90) að lágmarki þrjá foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda (sbr. 2. gr. 4. gr laga um leikskóla) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi



leikskólans. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Ráðið setur sér starfsreglur og starfar leikskólastjóri með ráðinu. Helstu verkefni foreldraráðsins á þessu skólaári var að lesa yfir skóladagatal og koma með umsagnir um smávægilegar breytingar sem gerðar voru. Eftirfarandi athugasemd kom frá foreldraráði varðandi skóladagatalið 2022-2023

“Við í foreldraráði Uglukletts langar að leggja til að starfsdagar séu tengdir meira við helgar þar sem það er hægt, hvort sem þeir eru á föstudegi og/eða mánudegi. Þannig getur fólk frekar nýtt daginn í langa helgi en að vera með barnið heima í miðri viku.”

Skólaárið 2021-2022 sátu eftirtaldir í foreldraráði:

- Þóra Sif Svansdóttir
- Hugrún Lukka Guðbrandsdóttir
- Frida Elisabeth Jörgensen

#### 5.2.4. Foreldrafélag

Markmið foreldrafélagsins og hlutverk er að efla tengsl foreldra/forráðamanna og starfsfólks, auka þátttöku foreldra/forráðamanna í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Félagið stendur fyrir fyrirlesturum, ýmsum uppákomum og ferðum. Einnig getur foreldrafélagið styrkt leikskólann til kaupa á ýmsum kennslugögnum og leikföngum. Helstu verkefni foreldrafélagsins á þessu skólaári var að koma að jólaballinu en það sá um heimsókn jólasveinsins og það sem hann kom með. Búið var að skipuleggja hoppukastala í garðinum en vegna veðurs varð að aflýsa því.

Skólaárið 2021-2022 sátu eftirtaldir í foreldrafélaginu

- **Formaður:** Frida Elisabeth Jörgensen
- **Varaformaður:** Kristín María Káradóttir
- **Gjaldkeri:** Agnes Rut Högnadóttir
- **Meðstjórnandi:** Helena Rós Helgadóttir

## 6. Mat á skólastarfi

Markmið innra mats, samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra
  - Tryggja að starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár 1
  - Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum
  - Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum
- Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið

### 6.1 Innra mat í Uglukletti

#### 6.1.1. Starfsmannasamtöl

Leikskólastjóri og deildarstjórar skiptast á milli ára að taka starfsmannasamtöl. Árið 2022 tók leikskólastjóri öll samtölin. Í starfsmannasamtölum er farið yfir líðan og væntingar starfsmanna, starfsánægju og skipulag skólans. Í starfsmannasamtölum gefst starfsfólki tækifæri til að koma með ábendingar um starfshætti skólans og ræða um það sem brennur á þeim varðandi starfið og starfsumhverfi. Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að taka ábendingar starfsfólks til umfjöllunar og reyna eftir fremsta megni að vinna að úrbótum. Niðurstöður samtalanna voru þau að starfið gengur almennt vel og starfsfólk ánægt og viðist koma vel undan vetri ef hægt er að segja sem svo þar sem síðustu vetrar hafa verið strembnir vegna covid-19.

#### 6.1.2. Starfsmannapúlsinn

Skólapúlsinn er lagður fyrir árlega. Annað hvert ár er lögð spurningakönnun fyrir starfsfólk og annað hvert ár fyrir foreldra. Í ár var lagt fyrir starfsmannapúlsinn og kom hún vel í út. Starfsmannakönnunin er skipt upp í 7 hluta.

### 1. Starfið

Matsþættir ↓
1.1. Vinnuálag
1.2. Skýrleiki hlutverks
1.3. Ágreiningur um hlutverk
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi

Eftirfarandi matsþættir komu mjög vel út og vorum við yfir landsmeðaltali í þeim öllum.

## 2. Starfsmenn

Matsþættir ↑↓
2.1. Leikni í starfi
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins
2.3. Skörun vinnu og einkalífs

Eftirfarandi þættir koma mjög vel út og vorum við yfir landsmeðaltali í þeim öllum. Þátturinn leikni í starfi dalaði um 0,4 stig hjá okkur milli ára, eins og reyndar gerist yfir allt landið. Ef til vill má túlka það þannig að þarna hafi covid haft áhrif þar sem umhverfið í leikskólanum breyttist og starfsfólk þurfti að takast á við verkefni sem það hafði ekki gert áður og stundum þurfti að vinna hlutina gegn fagvitund kennara, eins og til dæmis með foreldrasamstarf sem varð allt öðruvísi í covid.

## 3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓
3.1. Starfsandi
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki
3.4. Stuðningur við nýsköpun
3.5. Mismunur
3.6. Einnelti (þú)
3.7. Einnelti (annar en þú)
3.8. Einnelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)

Eftirfarandi þættir komu mjög vel út og vorum við yfir landsmeðaltali í þeim öllum nema þætti 3.2 sem er ánægja með vinnuaðstöðu. Þar erum við -2,2 undir landsmeðaltali. Þarna hafa margir þættir áhrif og sú staðreynd að starfsmannaaðstaðan er staðsett í gámum segir margt. Einnig er aðstaða fyrir útifatnað starfsmanna lítil sem enginn. Í kjölfarið á þessu var gripið til þeirra aðgerða að setja nýja skápa í fataklefann og er því búið að bæta úr því. Gámarnir eru einungis tímabundin lausn og verður gaman að fylgjast með áframhaldandi þróun á því máli.

## 4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni
4.2. Sanngjörn forysta
4.3. Valdeflandi forysta
5. 4.4. Ræktun mannaúðs

Eftirfarandi þættir komu mjög vel út og erum við yfir landsmeðaltali í þeim öllum.

## 6. Uppeldi og menntun

Matsþættir ↑↓
5.1. Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna
5.2. Trú á eigin getu við daglegt skipulag
5.3. Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð
5.4. Samstarf í leikskólanum
5.5. Virkar samræður um starfið
5.6. Virkni foreldra í leikskólastarfinu
5.7. Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans
5.8. Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir
5.9. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir

Þarna eru tveir þættir sem við þurfum að horfa til, allir hinir koma vel út. Það eru þættirnir 5.3 Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð og 5.6 Virkni foreldra í leikskólastarfi. Þátturinn 5.6 um virkni foreldra skrifast að stórum hluta á Covid og því breytta landslagi sem varð þá á aðgengi foreldra inn í leikskólann. Í þættinum 5.3 eru tvær spurningar sem koma verst út, það eru spurningarnar um hversu auðvelt er að kynnast ólíkum bakgrunni og menningu allra barna á deildinni og spurningin hversu auðvelt er að koma til móts við börn af ólíkum uppruna og menningu. Þarna getur margt haft áhrif og þurfum við að skoða þetta frá mörgum sjónarhornum og svo sannarlega setja meiri orku í þetta.

## 7. Símenntun og undirbúningur

Matsþættir ↑↓
6.1. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma
6.2. Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma
6.3. Þátttaka í þróunarstarfi
6.4. Starfsþróunarsamtal á sl. 12 mánuðum
6.5. Símenntunarpörf starfsfólks
6.6. Símenntunarpörf starfsfólks (annað)
6.7. Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár
6.8. Hindranir í símenntun starfsfólks
6.9. Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)

Í þessum matsþætti kemur fram ánægja með undirbúningstíma og þátttöku í þróunarstarfi

og starfsmannasamtölin. Varðandi símenntun þá er ákall um að fá meiri símenntun og vilja er meðal starfsmanna að afla sér meiri þekkingar. Það er af hinu góða og munum við hvetja fólk og koma til móts við það, þannig að það geti aflað sér dýpri þekkingar á þeim viðfangsefnum sem það vill

## 8. Opnar spurningar

Matsþættir ↑ ↓
7.1. Ef þú hugsar um líðan þína í starfi, starfsandann og daglegt starf, samskipti við barnahópinn og starfshætti í leikskólanum, hvað gæti helst bætt þetta?
7.2. Ef þú hugsar um samskipti innan leikskólans og samskipti við foreldra, hvað gæti helst bætt þetta tvennt?
7.3. Ef þú hugsar um starfsþróun þína og símenntun, hvað gæti helst bætt þetta tvennt?
7.4. Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst gott við vinnustaðinn þinn
7.5. Vinsamlegast lýstu því hvað þér þykir <a href="#">að betur megi fara</a> á þínum vinnustað.

*Samantekt af 7.1* Þarna koma helst fram þættir eins og bættari aðstaða fyrir starfsmenn, bætt hljóðvist, stækka leikskólann og hafa stærrí rými fyrir börnin, bæta þarf aðstöðu fyrir yngstu börnin úti, fá inn afleysingu fyrir styttingu vinnuvikunnar og betri aðstoð og meiri hvatningu þegar um erfiða hópa er að ræða

*Samantekt af 7.2* Þarna kom fram að auka mætti samtál milli heimilis og skóla og fá meiri viðkomu foreldra að leikskólanum og leggja áherslu á litlu hlutina og spjall við foreldra á hverjum degi á jákvæðum nótum.

*Samantekt af 7.3* Þarna kemur fram að starfsfólk sér ekkert því til fyrirstöðu annað en það taki af skarið sjálft.

*Samantekt af 7.4* Hér er starfsandinn nefndur mörgu sinnum, eins gleði, vinsemd, stuðningur og umhyggja fyrir öðrum. Allir hafa rödd og það er mikil samheldni

*Samantekt af 7.5* Hér er húsnæðið oft nefnt, meira rými og bætt aðstaða fyrir yngstu börnin úti.

Allir þessir punktar eru teknir saman og unnið með þá á næstu misserum. Sumt af þessum punktum er þegar búið að lagfæra og er það gott.

## 7 Lokaorð

Í lok hver skólaár er hollt og gott að líta til baka og fara yfir farin veg á árinu. Tekin var meðvituð ákvörðun í byrjun skólaárs að setja fókus á líðan barna og starfsmanna og njóta hvers dags. Ástæðan fyrir þessum fókus var að síðustu ár, sem einkennst hafa af Covid-19 hafa reynst mörgum erfið og tímarnir hafa verið skrítnir. Rannsóknir segja okkur að eftir svona tíma komi þreyta í mannskapinn og aukinn hætta á kulnun. Farið var í gegnum skólaárið með það að leiðarljósi og er það mat okkar að við uppskárum eins og við sáðum. Í gegnum þessa tíma hefur verið ótrúlega samstaða meðal starfsmanna og allir tekist á við það með yfirvegum og auðmýkt.

Við göngum inn í næsta skólaár með það í huga að efla foreldrasamstarf og halda áfram að gera það sem okkur finnst skemmtilegt og veitir okkur gleði í starfinu. Við ætlum að ögra okkur með því að ígrunda starfið með aðferðum starfendarannsóknar og samhliða því að efla innra mat og lýðræði barna.